



## **LESTUR ER LYKILL AÐ ÆVINTÝRUM**

**Ávarp forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnu Menntamálastofnunar  
og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands**

**Reykjavík**

**18. nóvember 2017**

Góðir gestir.

Lestur er svo sannarlega lykill að ævintýrum. Lestur er lykill að ótal herbergjum, herbergjum sem geyma svo ótalmargt. Í einu þeirra má örva ímyndunaraflið, í öðru er alls kyns upplýsingaforði. Við þurfum að opna dyr að þessum vistarverum með börnunum okkar, leiða þau inn í nýja heima, hjálpa þeim fyrsta kastið en treysta þeim svo til að rata sjálf.

Hvað vitum við um lestur barna og unglinga á Íslandi? Fyrst má nefna að hér hafa ungmenni lesið frá upphafi Íslandsbyggðar. Þegar Egill Skallagrímsson var harmi lostinn eftir missi Böðvars sonar síns taldi Þorgerður dóttir hans hann á að yrkja erfiljóð „en ek mun rista á kefli“, eins og segir í Egils sögu. Þorgerður kundi því bæði að rita og lesa rúnir. Og síðan voru þau börn til sem gátu lesið söguna þegar hún var komin á kálfskinn, öldum eftir þá atburði sem hún greinir frá. – En ekki öll börn. Lestur var lúxus, það voru börn höfðingja, presta og annarra í hástétt sem fengu að læra að lesa, og læsi styrkti stöðu hinna ríku og sterku.

Síðan komu siðaskipti og prentlist til sögunnar. Bækur bárust í híbýli almúgans og til þess var ætlast að sem næst öll börn lærðu að lesa. Áfram vildu

yfirvöld þó ráða lestrarefni. Ungviðið skyldi geta stautað sig fram úr guðsorði, kennsluritinu *Catechismus minor* eða Fræðunum minni eins og þau hétu á íslensku. Í einni af sínum merku rannsóknum um bernsku fyrri alda sagði Loftur heitinn Guttormsson, sem lengi vann í þessum húsakynnum, að „frá sjónarhóli nútíðarmanna er raunar með ólíkindum að 7–8 ára börnum skuli hafa verið gert að leggja á minnið annað eins torf og hinar fyrstu fræðaútskýringar voru.“

En þetta gerðu börnin og gekk reyndar misvel. Við eigum þessa lýsingu á því þegar fimm ára drengur lærði að stafa síðla á átjándu öld: „Nú átti ég að taka saman og kveða að; ekki fór betur þá því ég skildi ekki í hljóðinu. Því þegar ég átti til að mynda að kveða að á-i og segja a skildi ég ómögulega ... Af þessu reiddist fóstur mín því hún kenndi mér að stafa og fékk ég þá hýðingu ... Eftir að búið var að hýða mig fór fóstur mín eitthvað út en ég sat eftir grátandi og var að þenkja um stafina og hljóðið.“

Harkan og námið fór saman, því miður. En svo fór að rofa til. Um þessar mundir tók að losna um tók kirkjunnar á prentverki. Fyrsta barnabókin mun hafa komið út árið 1795, *Sumargjöf handa börnum*, og Grimmsævintýri voru þýdd skömmu eftir að þau voru fyrst prentuð ytra snemma á næstu öld. Áfram var hið ritaða mál þó einkum notað til að kynna boð og bönn. Í *Sumargjöfinni* eru dæmisögur um hvað komi fyrir ungdóminn ef hann hagi sér ekki skikkanlega; þannig er „matgíruga barnið“ látið springa af yfirgengilegu hveitibrauðs- og kökuáti. Og áfram gætti þess viðhorfs að börn ættu ekki að kunna meira en nauðsyn krefði, að bókvitið yrði ekki í askana látið.

Svo kom nútíminn, lög um almenna skólaskyldu og það sjónarmið að allir í samfélaginu skyldu njóta grunnmenntunar í lestri og öðrum undirstöðugreinum. Sömuleiðis fjölgaði barnabókum og bókasöfnum. En ekki var allt í besta gengi. Einatt var nemendum raðað í bekki eftir meintri getu og þá stóðu þeir höllum fæti sem fengu litla eða enga aðstoð heima fyrir. „Þetta var mjög ósanngjarnt kerfi að mínu viti,“ rifjaði einn kennarinn síðar upp: „Það byggði ekki á nokkrum sköpuðum hlut nema einhverri punktstöðu nemenda sem var tekin sennilega í lestri.“ Þeir sem þar lentu neðarlega voru settir í svokallaða tossabekki og úr þeim var erfitt að losna. „Þessi dilkadráttur var ákvörðun um örlög fyrir lífið, hvorki meira né minna,“ sagði einn sem minntist þessa tíma.

Núna er öldin önnur, blessunarlega. Allir eiga að njóta sannmælis og reynt er að leita bestu leiða til að kenna börnum að lesa. Í þeim efnum sýnist víst sitt hverjum og tvennum sögum fer af árangri ýmissa aðferða og átaksverkefna.

Viljann vantar þó ekki og vandinn er annars eðlis en áður fyrr. Nú glepja tölvuleikir og Youtube-vídeó, Snapchat og Fésbók, aðrar leiðir til afþreyingar en þær sem krefjast drjúgrar kunnáttu í lestri. Ráðgjafi hjá Fjölsmiðjunni, því góða vinnusetri fyrir unglunga sem hafa flosnað upp úr námi, lét þessi orð falla í nýlegu viðtali: „Krakkarnir sem koma til okkar í dag eru með miklu flóknari og þyngri vanda en var fyrir nokkrum árum. Svo hefur það aukist að þau séu nánast ólæs og óskrifandi og treysti sér t.d. ekki til að fylla út einfalda umsókn með nafni og kennitölu. Hvernig er þetta hægt – þau hafa verið tíu ár í grunnskóla? Þetta vekur ýmsar spurningar.“

Já, og þeim spurningum þarf að svara. Hér er vandi sem kallar á lausn. En þá vitum við það. Og við vitum líka að við búum ekki í eintómu svartnætti. Um allt land eru krakkar sem elska að liggja yfir bókum, um allt land eru foreldrar og forráðamenn sem hlakka til að kúra með krökkunum sínum og lesa saman litla sögu. Um allt land eru bókasöfn þar sem fólk safnast saman, heldri borgarar í dægradvöl, nemendur í heimildaleit, mömmur og pabbar með krílin sín í barnahorninu. Já, um allt land er fólk að lesa, með lykil að óteljandi ævintýrum. Við skulum fagna því en horfa um leið á þann vanda sem við er að etja. Til þess er ráðstefnan haldin, gangi ykkur vel.